



14

„NÚNA ER ÉG METNAÐARLAUS. ÉG GERI FÆRRI OG FÆRRI MYNDIR.“

Aki Kaurismäki er heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

30. september 2007 – 265. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Kompásliðar í Írak

Kristinn Hrafnsson og Ingi R. Ingason fóru í skrautlega flugferð til Bagdad.



FÓLK 30

Heilbrigðiskerfi ríkra

Svandís Svavarsdóttir og Illugi Gunnarsson takast á um það hvort hinir efnameiri eigi að hafa kost á því að kaupa sér betri heilbrigðisþjónustu.

Í DAG 10

Nýstárleg og skemmtileg

„Þeir sem héldu að leikhúsið væri orðið leiðinlegt og fátæklegt ættu að drífa sig á þessa sýningu,“ segir Elísabet Brekkan um Hamskiptin, sem er í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar og Davíds Farr.



MENNING 20

Jónas Grani hetja Fram

Jónas Grani skoraði tvö mörk og fær gullskóinn í Landsbankadeildinni.




ÍÞRÓTTIR 24


VEÐRIÐ Í DAG



Ríkjandi vestanátt og bjartviðri á Austurlandi og Vestfjörðum, en nokkur úrkoma suðvestanlands og um miðbik



Stjörnumerki



ASKJA



ÍSLANDSMEISTARAR Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirlíði Vals, lyftir hér Íslandsmeistarabikarnum við mikinn fögnuð félaga sinna. Tuttugu ár eru síðan Valur hampaði titilinum síðast en þá kom það í hlut Þórgríms Þráinssonar að lyfta bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valur Íslandsmeistari í gær

FÓTBOLTI Valsmenn urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu í fyrsta sinn síðan 1987 þegar þeir unnu 1-0 sigur á HK í lokaumferð Landsbankadeildar karla. Það var Atli Sveinn Þórarinnsson sem tryggði Val titilinn með því að skora eina mark leiksins.

FH-ingar, sem voru búnir að vinna titilinn þrjú ár í röð, sitja eftir með sárt ennið í öðru sætinu, en 3-1 sigur liðsins í Víkinni varð hins vegar til þess að Víkingar féllu úr deildinni.

„Valur og FH eru með mjög jöfn lið og þetta gat lent hvorum megin sem var. Vendipunkturinn var úrslitaleikurinn á móti FH um síðustu helgi og sigurinn þar gerði það að verkum að við gátum unnið þetta í dag. Mér fannst um tíma eins og FH-ingar væru í bílstjórásætinu en við komum á endasperttinum,“ sagði Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirlíði Valsmanna, eftir leikinn.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, vann sinn þriðja Íslandsmeistaratitil sem þjálfari og hann var kátur. „Við vorum hundfúlir að vinna þetta ekki í fyrra og við vorum hundfúlir að vinna þetta ekki í hittifyrra.

Við höfum styrkst frá hverju ári til þess næsta og það er þannig með sanna keppnismenn að ef þú nærð ekki árangri þá reynir þú bara betur næst,“ sagði Willum Þór.

- óój / sjá bls 24

Meirihluti vill halda íslensku krónunni

Munur á fjölda þeirra sem vilja ganga í ESB og þeirra sem eru því andvígir er ekki marktækur. Um 44 prósent vilja taka upp evru í stað íslensku krónunnar. Stuðningur við aðild að ESB og upptöku evru hefur aukist frá í janúar.

SKOÐANAKÖNNUN Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins, sem gerð var í gær, er ekki marktækur munur á fjölda þeirra sem vilja ganga í Evrópusambandið og fjölda þeirra sem vilja það ekki. 48,9 prósent sögðust vilja að Ísland gengi í Evrópusambandið en 51,1 prósent var því mótfallið.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á fundi sjálfstæðismanna í Valhöll í gær að sjálfstæðismenn hefðu ekki áhuga á því sem stendur að Ísland gangi í Evrópusambandið. Þá sé samkomulag milli stjórnarflokkanna um að sækja ekki um aðild á kjörtímabilinu. Jafnframt sagði Geir að ekki væri raunhæft að taka

„Aðalatriðið er að hafa hagsmuni þjóðarinnar, og ekkert annað, að leiðarljósi.“

GEIR H. HAARDE
FORSÆTISRÁÐHERRA

upp evruna án þess að ganga í Evrópusambandið.

Nokkuð fleiri eru mótfallnir því að taka upp evru hér á landi en að halda í krónuna, samkvæmt könnun Fréttablaðsins frá því í gær. 44,1 prósent sagðist vilja taka upp evru en 55,9 prósent voru því mótfallin. Munurinn er marktækur en stuðningur við

upptöku evru og inngöngu í Evrópusambandið hefur aukist nokkuð, sé miðað við könnun blaðsins frá því í janúar.

Nokkuð hefur verið rætt um að taka upp evruna sem gjaldmiðil hér á landi. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, sagði í byrjun mánaðar, í viðtali við Viðskiptablaðið, að krónan hentaði hvorki Kaupþingi né íslensku þjóðinni. Þá ályktaði Samband ungra sjálfstæðismanna um að skoða ætti upptöku evru hér á landi. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur einnig víðrað hugmyndir um upptöku evru í stað íslensku krónunnar.

- ss / sjá síðu 4

Börn valin besta myndin

MENNING Kvikmyndin Börn var valin besta myndin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Kaupmannahöfn í gær.

Erlendar myndir eru afar sjaldan verðlaunaðar á hátíðinni.

Ragnar Bragason leikstjóri var himinlifandi þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær og segir þetta mikilvægustu kvikmyndahátíð Dana.

- kóp / sjá síðu 2



KÍNVERSK
MENNINGARHÁTÍÐ

www.kopavogur.is




Í KÓPAVOGI 29. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER 2007

muundu eftir mjólkinni!



STÓRSÝNING með danska laginu



Toyota os alle glæder um helgina

Við tökum danska lagið og höfum það huggulegt hjá Toyota um helgina. Opið hjá Toyota Kópavogi, bæði laugardag og sunnudag og hjá umboðsmönnum um land allt á laugardeginum.

- Spennandi tilboð á völdum bílum
- Veitingar að dönskum hætti
- Danskir gestasölumenn á Nýbýlaveginum

Skemmtiferð til Köben

Taktu þátt í happdrætti og þú gætir unnið flugmiða* til Köben.

Eyfi flytur danska lagasyrpu

Eyfi mætir í Kópavoginn og tekur danska lagasyrpu, laugardag og sunnudag kl. 14:30

Taktu Strikið til Toyota um helgina!

Opið í dag kl. 13 - 16 hjá Toyota Kópavogi



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

*Flugvallarskattar ekki innifaldir.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Table with exchange rates for various currencies (Gjaldmiðlar) and their corresponding values (Kaup Sala). Includes currencies like Bandaríkjadalur, Sterlingspund, Evra, etc.

Forsætisráðherra segir einhliða upptöku evru veikleikamerki: Ummæli Geirs koma ekki á óvart

EVROÞUMÁL „Ég er sammála Geir að því leyti að ég tel skynsamlega að ganga alla leið heldur en að taka upp evruna einhliða,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar. Geir H. Haarde forsætisráðherra lýsti því yfir á fundi sjálfstæðismanna í gær að það þjónaði engum tilgangi að taka evruna upp einhliða. Þannig yrðu Íslendingar áhrifalausir um gjaldeyrinn. „Við myndum gjalda þess að í augum annarra væri þetta óskaplegt veikleikamerki og þetta myndi ekki hafa nokkurn trúverðuleika gagnvart öðrum löndum,“ sagði Geir. Hann sagði aðeins raunhæft



GEIR H. HAARDE



ÁGÚST ÓLAFUR

fyrirkomulag. Ágúst segir að ummæli ráðherrans komi ekki á óvart. „Það er ekki samið um það í stjórnarsáttmála að ganga í ESB. Þar er hins vegar kveðið á um að ræða þurfi þessi mál frekar og sú umræða á sér stað núna á þverpólíttiskum vettvangi. Það er síst vilji stjórnarflokkanna að setja þessa umræðu á ís,“ segir Ágúst. Hvað könnun Fréttablaðsins varðar segir Ágúst. „Það er ánægjulegt að sjá að stuðningurinn eykst. Þjóðin skiptist enn í tvo hópa hvað þetta varðar og það snýr okkur að við þurfum að dýpka umræðuna.“ -þ

Magnús Þór Hafsteinsson: Ótímabært að sækja um aðild

„Ég vona að það sé rétt sem forsætisráðherra segir, að það sé ekki á dagskrá að sækja um aðild að ESB. Það held ég að sé allsendis ótímabært,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins. „Varðandi evruna þá væri það vanhugsuð aðgerð að færa hagstjórnartækið okkar í hendurnar á öðrum.“ Hann segir niðurstöður könnunarinnar ekki koma sér á óvart því búið að tala niður til krónunnar. -þ



Valgerður Sverrisdóttir: Geir hræðist flokkinn sinn

„Mér sýnist Geir vera kominn í mikla vörn í þessu máli. Hann verður var við mikinn þrýsting í sambandi við evruna, ekki síst frá atvinnulífni,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. „Hann talar með þessum hætti þar sem hann er hræddur við flokkinn sinn, hann veit að þar eru skiptar skoðanir um þetta mál.“ Um niðurstöður könnunar Fréttablaðsins segir hún ljóst að stuðningur Íslendinga við að horfa á þessa hluti af meiri alvöru sé vaxandi. „Við komumst ekki hjá því að skoða í alvöru þessa kosti með hagsmuni þjóðarinnar í huga.“ -þ



Ögmundur Jónasson: Ríkisstjórnin ótrúverðug

„Það er skýrt að meirihluti þjóðarinnar er andvígur inngöngu í ESB og upptöku evru. Það kemur mér hins vegar ekki á óvart að bilið sé að minnka enda hefur mikið verið rætt um bága stöðu krónunnar undanfarið,“ segir Ögmundur Jónasson, þingflokkssjónari Vinstri grænna. Ögmundur segir að afstaða forsætisráðherra hafi lengi verið skýr, stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum sé hins vegar á reiki. „Það er ekki trúverðugt fyrir neina ríkisstjórn að reka tvenns konar stefnu. Forsætisráðherra hafnar upptöku evru en viðskiptaráðherra hamast á því að krónan sé ótæk. Ef það er stefna ríkisstjórnarinnar að ganga ekki í ESB og taka ekki upp evru eiga menn að hætta að tala gjaldmiðilinn niður.“ -þ



Stuðningur við ESB eykst

Þjóðin er klofin í afstöðu sinni til upptöku evru og inngöngu í Evrópusambandið. 55,9 prósent segjast ekki vilja taka upp evru, á meðan 44,1 prósent vilja leggja íslensku krónunni. Ekki er marktækur munur á fjölda þeirra sem vilja að Ísland gangi í Evrópusambandið og þeirra sem vilja það ekki.

SKOÐANAKÖNNUN Stuðningur við aðild að Evrópusambandinu, sem og við upptöku evru, er meiri nú samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins en í könnun blaðsins í janúar. Enn segist meirihlutinn frekar vilja halda í krónuna. 55,9 prósent segist ekki vilja skipta krónunni út fyrir evru, en 44,1 prósent segist því fylgjandi. Vikmörk eru 4,0 prósentustig, og mælist því marktækur munur. Þegar spurt var sömu spurningar í janúar á þessu ári, sagðist hins vegar 37,1 prósent vilja taka upp evru en 62,9 prósent voru því andvíg. Stuðningur hefur því aukist um sjö prósentustig. Stuðningur við aðild að Evrópusambandinu hefur einnig aukist og mælist nú ekki marktækur munur á milli þeirra sem vilja og vilja ekki að Ísland gangi í Evrópusambandið.

en ekki hefur dregið úr stuðningnum meðal annarra hópa sem greindir voru sérstaklega. Stuðningur við inngöngu í Evrópusambandið hefur aukist mest meðal kvenna, kjósenda sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa og íbúa á höfuðborgarsvæðinu. 51,2 prósent kvenna segjast nú styðja inngöngu í Evrópusambandið í stað 36,8 prósentu í janúar. Munurinn er rúm 14 prósentustig. Tæplega helmingur þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa segist nú styðja inngöngu, í stað þriðjungs hlutfalls í janúar. Þá segjast 53,5 prósent svarenda á höfuðborgarsvæðinu vilja að Ísland gangi í Evrópusambandið. Meira en helmingur þeirra sem segjast myndu kjósa Vinstri græn

nú vilja inngöngu í Evrópusambandið og riflega þrjár fjórðu kjósenda Samfylkingarinnar. Nokkuð færri kjósendur Framsóknarflokksins styðja nú inngöngu í Evrópusambandið, en vegna þess hve fáir framsóknarmenn svöruðu eru skekkjumörk nokkuð há. Hringt var í 800 manns á kosningaaldri 29. september og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var annars vegar: Á að taka upp evru sem gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar? 74,6 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. Hins vegar var spurt: Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu? 76,1 prósent svarenda tók afstöðu til þeirrar spurningar.





Table titled 'AFSTAÐA KVENNA TIL EVRU OG EVRÓPUSAMBANDSINS'. Columns: Á að taka upp evru?, 29. sept, 20. jan. Data: Já 44,7% to 33,6%; Nei 55,3% to 66,4%.

Table titled 'AFSTAÐA KARLA TIL EVRU OG EVRÓPUSAMBANDSINS'. Columns: Á að taka upp evru?, 29. sept, 20. jan. Data: Já 43,5% to 40,4%; Nei 56,5% to 59,6%.

Table titled 'AFSTAÐA ÞEIRRA SEM EKKI GEFU UPP FLOKK TIL EVRU OG EVRÓPUSAMBANDSINS'. Columns: Á að taka upp evru?, 29. sept, 20. jan. Data: Já 43,8% to 33,1%; Nei 56,3% to 66,9%.

Tölvunám byrjenda advertisement. Text: Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færari um að nota tölvuna sjálfstætt... TÖLVUSKÓLINN ÞEKING

Weather forecast section (VEÐURSPÁ). Includes a map of Iceland with temperature indicators and text: Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur. Hægvíðri um allt land í dag verður hæglaetisveður viðast hvar. Þútt verður víða... Einar Jónsson, veðurfræðingur.



**TIL HAMINGJU
ÍSLANDSMEISTARAR
Í LANDBANKAÐEILD
KARLA 2007**

**VIÐ ELSKUM
FÓTBOLTA**



Stillanlegt og þægilegt



Rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og frábært úrval svefnherbergishúsgagna



Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóðbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjóðmum, öxlum og höndum.

Yfir 30.000 lækningar, sjúkrahjálparar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og koddar koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktur á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**GERVIGREINDARKEPPNIN
VERÐLAUN Í BODI CCP**

HTTP://CADIA.RU.IS/GERVIGREINDARKEPPNIN

SÍÐASTI SÉNS
AÐ SKRÁ SIG:
7. OKTÓBER

CADIA
GERVIGREINDARSETUR HR

CCP

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Arctic Trucks jeppa- og ferðalagaskólinn

Námskeið

• Verklegt jeppanámskeið fyrir óvana ökumenn

6. október frá kl. 09:00 til 19:00. Verklegt námskeið fyrir óvana ökumenn á óbreyttum jeppum eða jepplingum þar sem tekist verður á við meðhöndlun bílsins við raunaðstæður. Ekin verður jeppaleið þar sem er að finna margvíslegar áskoranir og leitast verður við að leiðbeina ökumönnum um meðhöndlun bílsins við mismunandi aðstæður. Hámarksfjöldi bíla í ferðinni er 10. Innifalið í námskeiðsgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síðna hafsjór af fróðleik og lán á VHF talstöð.

• GPS-námskeið

25. október frá kl. 20 til 22. Leiðbeinandi er Ríkharður Sigmundsson, hjá R. Sigmundssyni ehf. Farið er í grunnatriði GPS-notkunar, svo sem stillingar tækisins, hvað beri að varast, töku vegpunkta, gerð leiða og ferla. Einnig er farið í grunnatriði notkunar á Garmin forritunum MapSource og nRoute ásamt því hvernig hægt er að varpa GPS-gögnum yfir á GoogleEarth. Námskeiðið miðast við notkun GPS-tækja til útivistar, t.d. í gönguferðir, jeppaferðir eða vélsleðaferðir. Sjón er sögu ríkari.

• Jeppanámskeið

Verður haldið í nóvember. Dagsetning verður kynnt á arctictrucks.is þegar nær dregur. Leiðbeinandi er Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur og jeppamaður. Námskeiðið tekur fyrir alla helstu þætti jeppaferðamennskunnar. Fjallað verður um kosti og eiginleika jeppans og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Innifalið í námskeiðsgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síðna hafsjór af fróðleik.

Skráning á jeppar.is og í síma 540 4900



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

07-0969 KC



Fornleifafundur í Rússlandi:

Eru líklega bein barna keisarans

RÚSSLAND, AP Talið er líklegt að bein sem fundust nýlega í Rússlandi séu af dóttur og syni síðasta keisara Rússlands að því er rannsakendur hafa greint frá.

Beinin fundust í ágúst nærri borginni Jekaterínborg þar sem Nikulás II keisari, Alexandra kona hans og fimm börn voru fangar bolsévika eftir byltinguna 1917 þar til þau voru skotin til bana árið 1918. Talið er að beinin séu af krónprinsinum Alexei og systur hans Maríu. Árið 1998 fundust bein keisarrahjónanna



BEININ Keisaradæturnar Olga, Tatiana, María og Anastasía voru sautján til 23 ára þegar þær voru myrtar. Einkasonurinn Alexei var þrettán ára. AP



GEGN HERSTJÓRNINI Mótmælendur hrópa slagorð gegn herstjórninni í miðborg Rangún, stærstu borgar Búrma, á föstudag. Æ færri hætta sér út á göturnar til að mótmæla eftir að taka á mótmælendum af fullri hörku. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnin hvött til að leita satta

Sendinefnd Sameinuðu þjóðanna biður herforingjastjórn Búrma um að hefja viðræður við stjórnarandstæðinga. Dregið hefur úr mótmælum.

BÚRMA, AP Sendinefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna heimsótti Búrma í gær til að sannfæra herforingjastjórn landsins um að hefja viðræður við stjórnarandstæðinga. Mótmæli héldu áfram á götum Rangún, stærstu borgar landsins, en þó í minna mæli en áður.

Kínversk og japönsk stjórnvöld, helstu bandamenn Búrma á pólitískum og efnahagslegum vettvangi, slógust einnig í hóp með þeim þjóðum sem hvetja herforingjastjórnina og andspyrnufólk til að koma á stöðugleika með friðsamlegum hætti. Alþjóðasamfélagið ætti að bjóða fram hjálp sína við að ráða fram úr ástandinu, sagði Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína.

Herforingjastjórn landsins virðist að mestu leyti hafa tekist að brjóta mótmæli á bak aftur með valdi. Stjórnin fullyrðir að tíu manns hafi látist, en andspyrnufólk segir tölu látinna vera nær tvö hundruð. Klípt hefur verið á allt netsamband í landinu.

Einn hinna látnu er japanskur fréttaljósmyndari sem var skotin til bana í Rangún á fimmtudag. Myndir náðust af því þegar hermaður skaut manninn fyrirvaralaust. Utanríkisráðherrar Japans og Búrma funduðu í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í gær, þar sem japanski ráðherrann mótmælti morðinu harðlega. Utanríkisráðherra Búrma baðst afsökunar á atvikinu. Samtímis og mótmælendum í Búrma hefur fækkað vegna barsmíða hermanna hefur þeim fjölgað um allan heim sem mótmæla ástandinu í landinu. Í Ósló, höfuðborg Noregs, fylktu mörg þúsund rauðklæddir liði fyrir utan friðarmiðstöð Nóbels á föstudagskvöld.

Meðal mótmælenda var fyrrum forsætisráðherra Noregs, Kjell Magne Bondevik. Í samtali við norsku fréttastofuna NTB sagði hann lausn vandans í höndum kínverskra stjórnvalda, og þau hafi ekki gert nóg. salvar@frettabladid.is

Magnús Þór í hlutastarf fyrir Frjálslynda flokkinn:

Það er ekkert grín að detta af þingi

STJÓRNMÁL „Ég er að leita að meiri vinnu, það er ekkert grín að detta út af þingi,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins og fyrrum þingmaður.

Tilkynnt var í fyrradag að Magnús tæki að sér hlutastarf fyrir flokkinn og Magnús Reynir Guðmundsson yrði framkvæmdastjóri.

Sigurjón Þórðarson verður því ekki ráðinn sem framkvæmdastjóri, en honum mun hafa verið heitið því fyrir síðustu kosningar.

Magnús Þór vill ekki tjá sig mikið um innanflokksmál sem þetta, en bendir á að Sigurjón sé í fullu starfi sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

„En ég vona svo sannarlega að hann sé ekki hættur. Hann var hörkuduglegur og vaxandi þingmaður.“

Magnús Þór leitar þó enn að fullu starfi annarsstaðar. Hann segir ekki veita af að allir sem vettlingi geti valdið aðstoði fálíðaða stjórnarandstöðuna. - kóp

Afmælisráðstefna SÁÁ um fíkn

í Von Efstaleiti 7, 1.-3. Október

Ráðstefnan er sérstaklega ætluð fagaðilum, en allt áhugafólk um áfengis- og vímuefnavandann er velkomið. Fyrsti dagurinn verður helgaður áfengisfíkn, annar dagurinn örvandi vímuefnafíkn og sá þriðji kannabisfíkn og meðferð fyrir unglinga.

Sérstakir gestir ráðstefnunnar eru Bandaríkjamennirnir Mark Willenbring, Frank Vocci og Jag H. Khalsa. Auk þeirra munu fulltrúar LSH, Lýðheilsustöðvar, Landlæknis, SÁÁ, Barnaverndarstofu og lögreglunnar flytja erindi og taka þátt í umræðum.

Ráðstefnan verður sett af forseta Íslands herra Ólafi Ragnari Grímssyni kl. 9 að morgni 1. október.

Nánar upplýsingar og skráning á www.saa.is



SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN





Giles Trapp

*Fíðluleikari
21. aldarinnar*

Einn skemmtilegasti og
athyglisverðasti fíðluleikari samtímans
- The Strad Magazine

Íslenska kammersveitin / Bardukha / Hjörleifur Valsson

Ísafjarðarkirkja 3. október kl. 20.00

Akureyrarkirkja 4. október kl. 19.30

Grafarvogskirkja 7. október kl. 16.00 og 20.00

Miðasala við innganginn. Forsala aðgöngumiða í Reykjavík á midi.is

Sjóvá styrkir tónleikana, en allur aðgangseyrir af tónleikunum
í Reykjavík mun renna til UNIFEM á Íslandi.



SJÓVÁ

Norræn messa í Hallgrímskirkju

Mikil hátíð verður í Hallgrímskirkju í dag og byrjar á norrænni messu og barnastarfi klukkan ellefu. Þar mun biskup Kaupmannahafnar, Eric Normann Svendsen, prédika og verður ræða hans þýdd á íslensku. Altarisþjónusta annast biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson og séra Jón Dalbú Hróbjartsson ásamt lesurum frá öllum Norðurlöndunum og messuþjónum.

Með messunni lýkur Norræna höfuðborgarmótinu sem verið hefur um helgina og er hún opin öllum. Mótettukór

Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar kantors en organisti verður Björn Steinar Sólbergsson. Barnastarfið verður í umsjá Magnu Sværissdóttur djákna.

Klukkan 14.00 verður ensk messugjörð í Hallgrímskirkju sem séra Bjarni Þór Bjarnason sér um. Þar verður Jónína Kristinsdóttir forsöngvari og leiðir almennan safnaðarsöng.

NORRÆN OG ENSK MESSA í Hallgrímskirkju verður hátíðarmessa í dag klukkan ellefu sem endar Norræna höfuðborgarmótinu sem staðið hefur yfir um helgina.



Hvatningarverðlaun

Akraneskaupstaður veitti á dögunum í fyrsta sinn sérstök hvatningaverðlaun til nemenda í Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Það var bæjarstjórn Akraness sem ákvað á sínum tíma að veita slík verðlaun til nemenda í fjölbrautaskólanum, en einnig til grunnskólanemenda í bænum. Hvatningaverðlaunin verða veitt árlega tveimur eða fleiri nemendum sem sýnt hafa frumkvæði eða unnið til afreka sem kemur skólanum til góða og eykur hróður hans.

Að þessu sinni voru verðlaunahafarnir þrír: Elín Carsteinsdóttir og Guðmundur Freyr Hallgrímsson, sem unnu sigur í sínum flokki í forritunarkeppni framhaldsskólanna á síðustu



AKRANES Forvarnastarfið verðlaunaði fyrir vel unnið starf.

vorönn, og Sylvía Hera Skúladóttir sem unnið hefur gott starf í forystu forvarnarhóps nemenda. Hvert þeirra um sig fékk 35 þúsund krónur í verðlaun, en það voru stjórnendur skólans sem sáu um að velja verðlaunahafana.



Tíu barna deild

Í dag verður opnuð ný leikskóladeild, Gljábær, í Þykkvabæ í fyrrum aðstöðu leikskóla bæjarins. Íbúar hafa lagt mikla áherslu á að fá leikskóla í Þykkvabæ og er þar góð aðstaða til staðar þar sem rekinn var leikskóli fyrir nokkrum árum.

Gljábær verður nokkurs konar útibú frá leikskólanum Heklukoti á Hellu þar sem eru þrjár fullsetnar deildir en í Gljábæ verður pláss fyrir tíu börn og vonast leikskólastjórnir til að geta þannig svarað eftirspurn eftir leikskólaplássi á svæðinu.

Í tilefni opunarinnar verður íþróttahátíð leikskólanema haldin í íþróttahúsinu í Þykkvabæ í dag klukkan 16-18 og eru allir hjartanlega velkomnir.

www.sudurglugginn.is

Fyrsta vígslan

Siðmennt er félag siðrænna húanista á Íslandi og er lífsskoðunarfélag sem stendur utan trúfélaga.

Laugardaginn 22. september var brotið blað í sögu samtakanna þegar Jóhann



Björnsson, athafnastjóri Siðmenntar, gaf saman Völu Steinsen og Stein Finnbogason.

Athöfnin átti sér stað í Frikirkjunni þrátt fyrir að ekki væri um trúarlega athöfn að ræða og er þetta í fyrsta sinn sem hjón eru gefin saman á vegum Siðmenntar. Undanfarin nítján ár hefur Siðmennt boðið upp á borgaralegar fermingar en ætlunin er að bjóða brátt upp á veraldlegar giftingar og útfarir allt árið um kring. Þarið fékk borgaralega giftingu hjá sýslumanni rétt fyrir hina veraldlegu hjá Siðmennt.

Í fréttatilkynningu frá Siðmennt segir meðal annars að „þessar veraldlegu þjónustur við félagslegar athafnir fjölskyldunnar séu góður valkostur fyrir fólk sem telur sig trúlaust, efahyggjufólk eða húanista“ og taka þeir jafnframt fram að athafnir af þessum toga séu í öruggum vexti um heim allan.



Spennandi störf á upplýsingatæknisviði

Landspítali er stærsti vinnustaður landsins og rekur og hýsir umfangsmesta tölvuumhverfi á landinu með yfir 3000 vinnustöðvar á innra neti, auk yfir 100 hugbúnaðarkerfa í notkun. Upplýsingatæknisvið hefur umsjón með og annast rekstur og viðhald á öllu tölvukerfi Landspítala.

Upplýsingatæknisvið LSH óskar að ráða duglegt og jákvætt fólk til starfa við krefjandi verkefni. Við leitum að hæfum einstaklingum með frumkvæði, þjónustulund og góða samskiptahæfileika. Metnaður til að ná árangri í starfi er nauðsynlegur. Störf henta jafnt konum og körlum.

Deildarstjóri þjónustumiðstöðvar

Þjónustumiðstöð er ein af þremur deildum upplýsingatæknisviðs og sér um alla notendaaðstoð á búnaði, hugbúnaði og reglubundin rekstrarverkefni. Starfsmenn eru í dag um 15, auk fjölda verktaka. Deildarstjóri þjónustumiðstöðvar er yfirmaður deildarinnar og heyrir undir sviðsstjóra upplýsingatæknisviðs.

Helstu verkefni

- Stjórnun á daglegum rekstri deildarinnar
- Skilgreining þjónustumarkmiða og að tryggja efndir þeirra
- Leita hagræðinga í rekstri
- Leiða tækninyngur til bættrar þjónustu
- Stefnumótun og þróun viðskiptatækifæra

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun á sviði upplýsingatækni ásamt starfsreynslu
- Stjórnunarreynsla er æskileg

Sérfræðingur í tæknideild

Helstu verkefni

- Uppsetning og rekstur á Altiris þjónustuborðskerfi
- Uppsetning og rekstur á Lotus Notes umhverfi
- Verkefnisaðstoð innan LSH og við innleiðingu og rekstur á tölvukerfum
- Vinna að framtíðarþróun tækniumhverfis spítalans

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði, tæknifræði eða sambærilegu er æskileg
- Reynsla af rekstri netkerfa, netþjóna, tölvubúnaðar og/eða gagnasafnskerfa er nauðsynleg

Verkefnastjóri í tæknideild

Helstu verkefni

- Ráðgjöf um val á notendavélbúnaði
- Umsjón með innkaupum og skráningu tölvubúnaðar
- Yfirfara reikninga fyrir búnað og vinnu birgja
- Tilfallandi verkefni í samráði við deildarstjóra

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegu, ásamt reynslu eða menntun í verkefnastjórnun
- Umfangsmikil almenn tölvukunnátta

Upplýsingar um störf veita: Björn Jónsson sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs, s. 825 5050 og Friðþjófur Bergmann deildarstjóri tæknideildar, s. 824 5244. Umsókn skal skila til skrifstofu starfsmannamála, Eiríksgötu 5, netfang: bjornj@landspitali.is, merktum: „Störf á upplýsingatæknisviði“ ekki síðar en 15. október 2007. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Landspítali er þekkingar- og þjónustustofnun í þágu almennings. Spítalinn hefur þrjú hlutverk, það er þjónusta við sjúklinga, kennsla og rannsóknir. Þar starfa um 5.000 starfsmenn í um 4.000 stöðugildum. Tekið er mið af jafnréttisfestnu LSH við ráðningar í störf. Landspítali er reyklaus vinnustaður.



AKI KAURISMÄKI Hann er einn virtasti kvikmyndaleikstjóri heims og er staddur hér á landi sem heiðursgestur alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar. Hann hefur áður komið til Íslands en það var áður en bjórin var leyfður.

Við erum börn myrkursins

Aki Kaurismäki er einn virtasti kvikmyndaleikstjóri samtímans. Hann er staddur hér á landi sem heiðursgestur alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar. *Jarþrúður Karlsdóttir* átti stutt spjall við leikstjóran um flest annað en myndirnar hans.

Ég hlakka mikið til að koma. Ég hef áður komið til Íslands. Í gamla daga, áður en bjór var leyfður á börnunum. Ég held að það hafi verið ári áður,“ segir Aki Kaurismäki um Íslandsheimsókn sína. Ég er mjög hrifinn af Íslandi. Íslendingar og Finnar eru á einhvern hátt líkir. Við erum börn myrkursins. Norðmenn eru það hins vegar ekki. Þeir eru suðurlandabúar.“

Aki Kaurismäki er einn virtasti kvikmyndaleikstjóri samtímans. Hann er finnskur og hefur gert yfir þrjátíu myndir. Bróðir hans er líka leikstjóri og samanlagt hafa hann og bróðir hans gert fimmtung allra þeirra mynda sem hafa verið gerðar í Finnlandi síðustu tuttugu ár.

Hann er þekktur fyrir fallegar myndir sínar sem þrátt fyrir kald-ranaleg umfjöllunarefni á borð við þunglyndi og einmannaleika ná að sýna hvað það er að vera manneskja á einstaklega hlýjan og heiðarlegan hátt.

Aðspurður um hvort hann fylgist með íslenskrum kvikmyndagerð segir hann. „Ég bý til skiptis í Finnlandi og Portúgal og það er erfitt að sjá íslenskar myndir á báðum stöðum. Síðasta myndin sem ég sá var Núi Albinói, ég var mjög hrifinn af henni. Ég er

ekkert að drífa mig. Ég mun sjá það sem mér er ætlað að sjá.“

Út frá spjallinu um Ísland er viðeigandi að talið berist að veðrinu. „Ég bý í norður Finnlandi á sumrin svo það er alltaf rigning þegar ég er þar. Þegar ég er í Portúgal er vetur þar þannig að hvar sem ég er er slæmt veður. Mér líkar það vel. Það er gott fyrir mína myrku sál.“

Varð óvart leikstjóri

Kaurismäki er þekktur fyrir að vilja sem minnst tala um myndirnar sínar í viðtölum. Hann segir gjarna að myndirnar sínar séu lélegar en hann sé sáttur svo lengi sem þær séu ekki ómurlegar.

„Ég ætlaði aldrei að verða leikstjóri. Ég ætlaði að verða rithöfundur. Ég flæktist bara einhvern veginn inn í kvikmyndaiðnaðinn og komst ekki út.“ Hann heldur áfram og segir að hann verði nú víst að tala eitthvað um þær þar sem ég hefði varla hringt í hann nema fyrir myndirnar. „Ég er núna eingöngu að þessu til að redda vinum mínum vinnu. Nú eru þau líka farin að eldast eins og ég þannig að ég veit ekki hvernig þetta fer. Þegar ég var barn, yngri, hafði ég einhvern metnað en hann er löngu farinn. Núna er ég latur og metnaðarlaus. Ég geri færri og færri myndir.“ Blaðamanni lék forvitni á að vita hvaðan hann fái hugmyndirnar að myndum.

„Ég fæ þær ekki neins staðar frá. Ekki frá Noregi, þú skilur, ég er ekki hrifinn af Noregi því þeir eru ekki heiðarlegir í íþróttum. Ég hef verið að bíða í mörg ár eftir að fá hugmynd en ekkert kemur. Ég er orðinn nógu gamall til að gera ekki mynd ef ég hef ekki góða ástæðu til þess.“

Byggir Kínamúr

Myndir Kaurismäkis eru þekktar fyrir svartan hómor og langar þagnir. Eitthvað sem er oft talað um sem afar finnskt. Þegar blaðamaður spyr hvort hann telji að myndir hans séu á einhvern hátt finnskar segir hann: „Ég vona ekki, ég vona að þær séu alþjóðlegar. Ef gömul sveitakona í Kína skilur þær ekki hefur mér



Ég er ekki hrifinn af Noregi því þeir eru ekki heiðarlegir í íþróttum

mistekist. Kvikmyndir ættu að skiljast alls staðar. Það er það sem er sérstakt við kvikmyndir. Þær eiga að skiljast óháð tungumálinu.“

Kaurismäki afsakar að vilja ekki tala meira um myndirnar sínar og út frá því berst talið einhverra hluta vegna að bönkum. Kaurismäki segist ekki hlæja í bönkum. Blaðamanni rámaði eitthvað í að hafa hlegið í banka og þá svaraði hann: „Kannski við ættum að hlæja meira í bönkum. Bankar taka sjálfa sig alltof alvarlega. Af hverju ættum við að gera það líka?“

Það eru smá truflanir vegna hávaða frá byggingaframkvæmdum hjá Kaurismäki. Hann afsakar það og segir: „Ég er að byggja vegg. Ég er að byggja Kínamúr á milli mín og restarinnar af heiminum. Ísland má vera innan hans en við skulum halda Bandaríkjunum utan hans. Þeir eru með allt of mikið vesen. Seinna getum við svo gefið þeim landvistarleyfi ef þeir haga sér vel.“

Kaurismäki hefur mikið talað um hvað Hollywood-myndir séu slæmar og spurður út í bandaríska kvikmyndagerð segir hann: „Óháða kvik-

myndagerðin þar er allt í lagi. Restin er dauð.“

Geysir í sturtunni

Í lok samtalsins töluðum við aftur um Íslandsferðina. „Ég hlakka mikið til að koma og hitta Friðrik og svarta dauðann.“ Kaurismäki og Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri eru góðir vinir. „Maður þarf víst að hitta dauðann á endanum. Það er íslenska leiðin til að sýna gestrisni er það ekki? Að gefa fólki Svarta dauða?“

Kaurismäki segist ekki hafa tíma til þess að sjá neitt á kvikmyndahátíðinni því hann verði bara í tvo daga og hann ætli að nota tímann til að ferðast um landið. „Konan mín hefur aldrei komið til Íslands og ég ætla að sýna Geysi og fleira.“ Í framhaldi af því spyr hann hvort það sé einhver goshver nær borginni því hann nenni ekki að keyra í marga klukkutíma. Ég segi honum að það sé þá helst gervigoshverinn í Öskjuhlíðinni. „Ég get alveg sýnt henni hann. Hún þarf ekkert að vita að hann sé gervi. Hún er mjög klár. Ég get ekki sýnt henni sturtuna á hótélherberginu og sagt henni að það sé goshver. Hún fattar það.“

FINNLANDSPRÍLEIKURINN

Þrjár myndir Kaurismäki, Finnlands-þríleikurinn svokallaði, verða sýndar á RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni.

Ský á reiki (Kuas pilvet karkaavat)

Fjallar um atvinnuleysi. Hjónin Ilona og Lauri missa vinnuna á svipuðum tíma. Ólukkan eltir þau og ætla engan endi að taka.

Maður án fortíðar (Mies vailla menneisyttä)

Fjallar um heimilisleysi. Maður kemur til Helsinki og er rændur og rotaður við komuna þangað með þeim afleiðingum að hann missir minnið. Hann fær húsnæði í gámi á hafnarbakkanum þar sem er heilt samfélag fólks í svipuðum aðstæðum og hann.

Ljós í húminu (Laitakaupungin valot)

Fjallar um einmannaleikann. Næturvörðurinn Koistinen leitir að hamingjunninni en samferðamenn hans og samfélagið leggja á eitt við að gera vonir hans að engu.

Öflugt við lýsingarnar eru allar myndirnar myndar og fullar bjartsýni. Þær voru allar tilnefndar til Gullpálmans í Cannes og Maður án fortíðar var einnig tilnefnd til Óskarsverðlaunanna og hlaut Grand Prix-verðlaunin í Cannes.



PRÍLEIKUR KAURISMÄKI Finnlands-þríleikurinn verður sýndur á hátíðinni.

**41%
afsláttur**

Þú sparar 1.031 kr/kg



1.484 kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur



85 kr/stk.
Fanta 2 ltr.

**30%
afsláttur**

Þú sparar 539 kr/kg



1.257 kr/kg. áður 1.795 kr/kg.
Goða léttreyktur hamborgarahryggur

**50%
afsláttur**



296 kr/kg. áður 591 kr/kg.
Borgarnes hrossakjöt - saltað og úrb.

**41%
afsláttur**

Þú sparar 690 kr/kg



992 kr/kg. áður 1.682 kr/kg.
Goða grísakótilettur hunangskryddaðar



98 kr/pk.
Myllu heimilisbrauð



398 kr/kg.
Ísfugl BBQ kjúklingaleggir



199 kr/pk.
Freschetta original italiano classico

**20%
afsláttur**



20% afsláttur
af öllum Casa Fiesta vörum



99 kr/pk.
Frissi fríski - 3 í pakka

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 27. september til 30. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Miðbær í mótun

Útlit er fyrir að mikil uppbygging muni eiga sér stað í miðborginni á næstu árum. Gera má ráð fyrir að meira en 60 þúsund fermetrar af verslunar- og íbúðarhúsnæði muni rísa á svæðinu. Hér að neðan getur að líta þá reiti sem hafa verið í umræðunni síðustu vikur og þær hugmyndir sem eru uppi um þá.

■ Smiðjustígur - Klapparstígur

Hvað á að reisa?

Reiturinn, sem er um fjögur þúsund fermetrar, er enn á teikniborðinu en tillögur að honum verða kynntar innan skamms. Gera má ráð fyrir að 14-15 þúsund fermetra húsnæði muni rísa á reitnum, þar af fara 4-6 þúsund fermetrar undir þjónustu og verslun á fyrstu hæð. Á öðrum hæðum má gera ráð fyrir íbúðum eða hóteli en í kjallara verður bílastæðageymsla fyrir 250-300 bíla.

Hverjir standa að framkvæmdunum?

Fyrirtækið Festar ehf, sem Benedikt T. Sigurðsson húsasmiðameistari er í forsvari fyrir, á öll hús á reitnum nema þrjú, það er Laugaveg 13 og 15 og Klapparstíg 26, þar sem Hótel Klöpp er til húsa.

Hvaða hús munu víkja?

Þegar er búið að ákveða að rífa húsinn við Hverfisgötu 32 og 34. Þá verða húsinn við Laugaveg 19 (þar sem Indókína er til húsa) og 19b flutt eða rífin og þá er mjög líklegt að húsið við Klapparstíg 30, þar sem veitingastaðurinn Sírkus er nú til húsa, verði rífið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um önnur hús.



■ Frakkastígsreitur

Hvað á að reisa?

Samson Properties, eignarhaldsfélag Björgólfsfeðga, hefur falboðið Listaháskólanum Frakkastígsreitinn. Viðræður milli þeirra standa yfir. Borgin hefur tekið vel í hugmyndina og það hafa Torfusamtökin einnig gert. Þau hafa meðal annars kynnt sínar eigin hugmyndir um nýtt stórhýsi á reitnum.

Hverjir standa að framkvæmdunum?

Björgólfsfeðgar eiga flest hús á Frakkastígsreitnum í gegnum félagið Samson Properties. Þó á Svanur Kristbergsson nokkur hús á reitnum í gegnum félagin Basalt ehf. og Höfuðstöðvar ehf.

Hvaða hús munu víkja?

Erfitt er að segja hvaða hús munu víkja þar sem hugmyndin er ekki langt á veg komin, en ljóst er þó að Laugavegur 41 og 45, þar sem Vínberíð er til húsa, gætu horfið á braut. Þá er alls óvíst hvað verður um húsið sem kennt er við Vegas sem og nokkur bakhús á reitnum.



TILLAGA TORFUSAMTAKANNA UM FRAKKASTÍGSREITINN.

■ Laugavegur 4-6

Hvað á að reisa?

Samkvæmt teikningum mun nýtt tvöþúsund fermetra, fjögurra hæða hús, með hótél- og verslunarrekstri, rísa á loftunum. Byggingarfulltrúi borgarinnar samþykkti nýjar teikningar að reitnum fyrir um mánuði síðan.

Hverjir standa að framkvæmdunum?

Fyrirtækið Kaupangur stendur að baki nýja hótél- og verslunarhúsnæðinu. Þetta eru ekki einu eignirnar sem Kaupangur hefur haft áhuga á því fyrirtækið hefur meðal annars hug á að kaupa Mál og menningar húsið við Laugaveg 18.

Hvaða hús munu víkja?

Bæði húsinn við Laugaveg 4 og 6 verða að öllum líkindum rífin.



■ Vatnsstígur - Klapparstígur

Hvað á að reisa?

Hugmyndir eru uppi um að reisa 3.500 til 4.000 þúsund fermetra verslunarkjarna og fimm til sex hæða íbúðarhúsnæði við Hverfisgötu, með þjónustu og verslunarhúsnæði á neðstu hæð sem tengist verslunarkjarnanum.

Hverjir standa að framkvæmdunum?

Byggingafyrirtækið Strýtusel ehf., með Þorstein Pálsson í fararbroddi. Strýtusel ehf. á húsinn við Laugaveg 23 og 27a, Klapparstíg 29 og 31 og Hverfisgötu 42 og 44. Þá á fyrirtækið lóðina að Hverfisgötu 40.

Hvaða hús munu víkja?

Fyrir liggur að húsið við Laugaveg 23, sem nú hýsir Kling og Bang, verði rífið og tvö bakhús. Húsið við Hverfisgötu 42 verður rífið en húsið við Hverfisgötu 44 var fyrir skömmu flutt á lóðina við Bergstaðastræti 16.



■ Nýr miðbæjarkjarni

Hvað á að reisa?

Hugmyndir hafa verið kynntar um nýjan miðbæjarkjarna sem á að ná frá Skúlagötu að Laugavegi og austur í Barónsstíg að Vitastíg. Áætlað er að verslunarkjarninn yrði 25 þúsund fermetrar með 70 og 80 verslunum. Þá yrðu 18-20 þúsund fermetrar lagðir undir íbúðir í háhýsum við Skúlagötu, allt að sautján hæða með um 180 íbúðir. Þá er ráðgert að hafa fjögurra hæða bílakjallara undir verslunarmiðstöðinni.

Hverjir standa að framkvæmdunum?

Féðgarnir Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson hafa, í gegnum Samson Properties, eignast flestar eignir á reitnum.

Hvaða hús munu víkja?

Ef hugmyndir Björgólfsfeðga munu ganga eftir er ljóst að húsinn við Laugaveg 65 og 67 munu hverfa og eitthvað af bakhúsunum.





KÓPAVOGSBÆR

Félagssjónusta
Kópavogs

Félagsráðgjafi

- Hjá Fjölskyldudeild Félagssjónustu Kópavogs eru lausar tvær stöður félagsráðgjafa.

Verksvið er einkum vinnsla fjárhagsaðstoðarmála og almenn félagsleg ráðgjöf.

Hjá Félagssjónustu Kópavogs er lögð áhersla á að byggja upp skipulögð og markviss vinnubrögð samhentra og góðra starfsmanna þar sem samstarfshæfileikar, frumkvæði og metnaður eru í fyrirrúmi. Stofnunin leitast við að sinna símenntun meðal annars með þátttöku í námskeiðum er varða starfssvið viðkomandi aðila svo eitthvað sé nefnt.

Reynsla af starfi innan málaflokksins er æskileg.

Laun eru skv. kjarasamningi Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 12. október n.k.

Frekari upplýsingar eru gefnar í síma 570 1400, adalsteinn@kopavogur.is.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.



KÓPAVOGSBÆR

Félagssjónusta
Kópavogs

Félagsráðgjafi

- Hjá Fjölskyldudeild Félagssjónustu Kópavogs er laus staða félagsráðgjafa í barnaverndarvinnu.

Annars vegar er um að ræða afleysingastarf, einkum við vinnslu og meðferð unglíngamála. Hins vegar er um að ræða barnaverndarvinnu vegna yngri barna.

Hjá Félagssjónustu Kópavogs er lögð áhersla á að byggja upp skipulögð og markviss vinnubrögð samhentra og góðra starfsmanna þar sem samstarfshæfileikar, frumkvæði og metnaður eru í fyrirrúmi. Stofnunin leitast við að sinna símenntun meðal annars með þátttöku í námskeiðum er varða starfssvið viðkomandi aðila svo eitthvað sé nefnt.


Krafist er félagsráðgjafamenntunar. Reynsla innan málaflokksins er æskileg.

Laun eru skv. kjarasamningi Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 12. október n.k.

Upplýsingar eru veittar í síma 570-1400, adalsteinn@kopavogur.is.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.



ÚTKEYRSLA OG LAGERSTÖRF

» Starfssvið:

- > Útkeyrsla á vöruflutningastöðvar og til viðskiptavina
- > Aðstoð á lager
- > Önnur tilfallandi störf

» Hæfniskröfur:

- > Meiraprófsréttindi skilyrði
- > Heiðarleiki og þjónustulund
- > Hæfni í mannlegum samskiptum

Ískraft er rafíðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur alls þrjár starfsstöðvar, í Kópavogi, á Akureyri og Egilsstöðum. Starfsmenn eru samtals 32.

Umsóknir óskast sendar til ÍSKRAFTS, Smiðjuvegur 5, 200 Kópavogur, fyrir 7. október 2007. Upplýsingar veita Jón Sverrir Sverrisson og Jón Halldórsson, netfang: jon@iskraft.is.

ÍSKRAFT
RAFÍÐNAÐARVERSLUN



Áhugaverð framtíðarstörf í Hafnarfirði



❖ Sölu- og afgreiðslumenn vantar í verslun okkar í Hafnarfirði.

❖ Afgreiðslumaður á kassa.

Starfssvið:

- Afgreiðsla og sala til viðskiptavina
- Afgreiðsla á kassa
- Önnur tilfallandi störf í versluninni

Hæfniskröfur:

- Heiðarleiki, samviskusemi, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta er kostur

❖ Sölu- og afgreiðslumaður í verslun.

Starfssvið:

- Afgreiðsla og þjónusta til viðskiptavina
- Pantanir á vörum frá vöruhúsi
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Þekking á byggingarefnum er kostur
- Heiðarleiki, rík þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta er kostur

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvára á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 21 á landsvísi. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, atvinna@husa.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is. Nánari upplýsingar veitir Brynjar rekstrarstjóri, brynjars@husa.is.



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GESTAMÓTTAKA

Glæsilegt hótél í miðborg Reykjavíkur óskar að ráða áhugasaman og þjónustulundaðan einstakling til starfa í gestamóttöku hótelsins.

Um vaktavinnu er að ræða, unnið er á rúllandi vöktum í 4 daga (2 daga kl. 8-16, 2 daga kl. 16-24) og frí í 2 daga.

Starfssvið

- Móttaka gesta, þjónusta og ráðgjöf
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Bókun og skráning gesta
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð tungumálakunnátta (enska og Norðurlandamál, kostur ef kunnátta í fleiri tungumálum)
- Jákvæð og aðlaðandi framkoma
- Afburða þjónustulund
- Sveigjanleiki og samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



HB GRANDI

Sjávarútvegsfyrirtæki í fararbroddi.

HB Grandi hf. veiðir, vinnur og markaðssetur botnfisk og uppsjávarfisk. Félagið gerir út 12 skip og er með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Hjá félaginu starfa um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða en helstu markaðirnir eru í Evrópu, Norður - Ameríku og Asíu.

VERKSTJÓRI

HB Grandi óskar eftir að ráða verkstjóra í frystihús félagsins í Reykjavík. Um krefjandi stjórnunarstarf er að ræða.

Starfið felst í almennri verkstjórn í frystihúsi félagsins við Norðurgarð. Verkstjóri ber ábyrgð á þjálfun starfsmanna, gerð vaktaplans og mati á árangri starfsmanna.

Leitað er að traustum einstaklingi með góða menntun á sviði sjávarútvegsfræða og reynslu og/eða þekkingu á sjávarútvegi. Viðkomandi aðili þarf að vera samviskusamur og hafa góða samskiptahæfileika. Góð tölvukunnátta er skilyrði og þekking á Navision (Wise Fish) er kostur.

Verkstjóri er staðgengill vinnslustjóra Norðurgarði. Verkstjóri vinnur í nánú samstarfi við markaðsdeild fyrirtækisins.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Við leitum að metnaðarfullum sérfræðingi

Sérfræðingur í málmvinnsluteymi

Við leitum að öflugum einstaklingi til að leiða þróun framleiðsluferla í málmvinnsluferli Fjarðaáls. Rúmlega 100 manns munu starfa í málmvinnsluferlinu. Steypuskáli álversins við Reyðarfjörð verður meðal þeirra fullkomnustu í heiminum.

Starfið veitir einstaklingi sem nær árangri einstakt tækifæri innan ört vaxandi stórfyrirtækis í alþjóðlegu umhverfi. Samstarf, hópvinna og valddreifing eru lykilatriði og mikil áhersla lögð á stöðugar endurbætur ásamt síaukinni hæfni og ábyrgð starfsmanna. Starfið krefst mikilla samskipta við aðra starfsmenn á öllum stigum framleiðslunnar. Náið samstarf er við framkvæmdastjóra málmvinnslu og sérfræðinga í málmvinnslu.

Ábyrgðarsvið:

- Leiða þróun á framleiðsluferli samkvæmt straumlínu-stjórnkerfi Alcoa, sem byggir á framleiðsluferfi Toyota.
- Umsjón með mælingum og endurbótum framleiðsluferlis, sem og að greina þörf fyrir þjálfun starfsfólks svo tryggja megi stöðugar endurbætur.
- Náið samstarf við framkvæmdastjóra framleiðsluþróunar, sem og aðra starfsmenn fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði.
- Reynsla í framleiðslustýringu æskileg sem og reynsla af notkun straumlínustjórnkerfa.
- Reynsla af greiningu, rannsóknir og endurbætur framleiðsluferla.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í rit- og talmáli, sem og hæfni til tjáningar.
- Hæfni til miðlunar og kennslu.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.jarnblendi.is

Hæfileg blanda af kísiljárni og góðum starfsanda

Viltu starfa í fallegu umhverfi aðeins 30 mínútur frá Reykjavík?

Sérfræðingur við eftirmeðhöndlun málms

Starfssvið:

- Umsjón með hreinsun og útsteypingu málms
- Forysta í vöruþróunarverkefnum
- Umsjón með stöðugum endurbótum á vélbúnaði og verkferli
- Gerð kostnaðar- og verkáætlana
- Samstarfsverkefni á sviði málmhreinsunar við aðrar verksmiðjur Elkem

Hæfniskröfur:

- M.S. próf í verkfræði, efnafræði, eðlisfræði eða skyldum greinum
- Metnaður og vilji til þess að ná langt í starfi
- Þekking á varmafræði málma er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Útsjónarsemi við lausn verkefna



Öryggis-, heilsu- og umhverfisstjóri

Starfssvið:

- Yfirumsjón með öryggismálum, hollustuháttum og innra og ytra umhverfi að því er varðar starfsemi fyrirtækisins
